

Ágæta sveitarstjórn Flóahrepps.

Haustið 1990 fengu Auður Hildur Hákonardóttir og Helga Thoroddsen lánaða aðstöðu í Gömlu Þingborg til að halda námskeið í ullariðn á vegum Farskóla Suðurlands. Einu ári eftir fyrsta námskeiðið og nokkur til viðbótar stofnuðu 36 konur á Suðurlandi samvinnufélag um ullanverkstæði og ullanvöruverslun í Gömlu Þingborg. Húsið þjónaði þá ekki lengur þeim tilgangi að vera félagsheimili Hraungerðishrepps og fékk því hinn nýstofnaði Þingboragrípur húsið til afnota. Á þeim tíma var oddviti Stefán Guðmundsson í Túni og var hann ætíð velviljaður Þingborgarhópnum og studdi með ráðum og dáð.

Allt til ársins 2015, eða í 25 ár, sá Þingborgarhópurinn alfarið um rekstur og viðhald Gömlu Þingborgar. Töluverðra styrkja var aflað og allar klær hafðar úti til að afla fjármuna til viðhalds auk þeirra óteljandi stunda sem Þingborgarkonur, vinir þeirra og vandamenn hafa unnið í þágu hússins. Segja má að Þingborgarhópurinn hafi frá árinu 1990 fóstrað þetta sögufræga hús og í raun bjargað því frá glötun enda var það ekki í góðu ástandi þegar hópurinn tók við því.

Árið 2015 var viðhaldið orðið hópnum þungt og sömdu þær sem þá ráku verslunina, við Flóahrepp um leigu á Gömlu Þingborg og og hefur hreppurinn frá þeim tíma séð um viðhald hússins að nokkru leyti. Á þessum tíma var verslunin rekin af tveimur konum í hópnum, ekki voru greidd laun að ráði og réð hugsjón því í raun að verslunin var rekin. Reksturinn hefur hins vegar verið töluvert vaxandi undanfarin ár og í dag er til staðar a.m.k. 100% starfshlutfall að staðaldri við rekstur búðarinnar auk þess sem alltaf eru 2 – 3 einstaklingar á launum í hutastarfí við afgreiðslu og önnur tilheyrandi störf. Þar að auki hafa margar konur sem annaðhvort aðal- eða hlutastarf við að framleiða og selja handverk í Gömlu Þingborg.

Þetta tilraunaverkefni sem fór af stað árið 1990 hefur m.a. borið þann árangur að veita fjölda kvenna á svæðinu atvinnu og í dag eru um 100 manns sem hafa af því aukatekjur að selja sitt handverk í Ullarversluninni Þingborg.

En þó Þingborg sé í dag atvinnuskapandi fyrirtæki má leiða líkum að því að einn mikilvægasti angri starfseminnar sé hinn félagslegi þáttur. Í hverri viku og oft á ári hittist Þingborgarhópurinn til að sækja sér andlega næringu, auka þekkingu sína, miðla henni áfram og deila gleði og stundum sorg. Að þessu leyti er hópurinn einstakur og bundinn saman af órjúfanlegum tengslum í gegnum tíðina. Fullyrða má að slíkt sé einstakt og ómetanlegt. Húsið sjálft er auðvitað miðstöð starfseminnar og vandséð hvar annars staðar starfsemin getur verið.

Segja má að Gamla Þingborg hafi í meðfórum Þingborgarkvenna orðið að miðstöð íslensku ullaninnar og er Þingborgarhópurinn orðinn vel þekktur innanlands og utan, bæði sem framleiðslufyrirtæki en ekki síst sem samfélag sem tekist hefur að lifa og dafna í 34 ár og það má kallast býsna merkilegt að þetta skuli enn vera til.

Nýjasta afsprengi Þingborgarhópsins í samvinnu við aðra hópa og ullartengd fyrirtæki á suðurlandi er nýafstaðin Ullarvika sem er hátið tileinkuð íslensku sauðkindinni og ullinni. Miðað við þátttöku í síðustu Ullarviku er ljóst að hér er um metnaðarfullan og vaxandi viðburð að ræða sem mun enn frekar auka gróska í ullariðn á svæðinu.

Grasrótarstarfsemi í þeim anda sem Þingborgarhópurinn stendur fyrir sprettur ekki úr engu og óhætt að segja að mörg samfélög dreymir um að hafa slíkt í sínu nærumhverfi þar sem saman fer verðmæt framleiðsla úr heimafengnu hráefni beint frá býli og gróskumikið félagslegt samfélag kvenna. Það er



því afar mikilvægt að samfélagið standi vörð um slíka starfsemi og veiti henni þann stuðning sem mögulegt er hverju sinni.

Þingborgarhópurinn finnur fyrir miklum meðbyr þessa dagana og hefur uppi margar frjóar hugmyndir um að útvíkka sína starfsemi t.d. með því að byggja upp Ullarskóla í Gömlu Þingborg, flytja og efla starfsemi kembivélar sem félagið á, jafnvel stofna kaffihús eins og verslunarstjórinn í Þingborg hefur haft hugmyndir uppi um og sögusýningu um íslenska ull og svo mætti lengi telja. Í öllu falli er enginn skortur á eldmóði og krafti í Þingborgarhópnum frekar en fyrri daginn. Hópurinn er vaxandi og eflist frekar en hitt.

Það má því segja hópnum hafi verið brugðið þegar fréttist að Flóahreppur hefði samþykkt að auglýsa Gömlu Þingborg til sölu á almennum markaði. Þar sem hópurinn á allt sitt undir Gömlu Þingborg þá mundi sala á húsinu setja allt okkar starf í uppnám og væri jafnvel sjálfhætt. Slíkt má ekki gerast!!

Ullarverslunin er einstök á landsvísu og jafnvel þó víða væri leitað og er þekkt fyrir fallega hönnun, lopa- og bandvinnslu og allt það handverk sem þar er unnið og selt.

Í ljósi sögunnar og framansögðu fer Þingborgarhópurinn fram á eftirfarnadi

- Að Gamla Þingborg verði afhent hópnum til eignar endurgjaldslaust.
- Að Flóahreppur styðji starfsemi Gömlu Þingborgar með því að fella niður gjöld af húsinu.

Húsið þjónar ekki neinum tilgang fyrir sveitarfélagið og því ætti það ekki að vera erfið ákvörðun að afhenda húsið þeim aðilum sem hafa séð um það og/eða leigt í 34 ár.

Það ætti að vera stolt sveitarfélagsins að styðja við starfsemi Þingborgarhópsins. Með því að afhenda hópnum Gömlu Þingborg getur sveitafélgið lagt sitt lóð á vogaskálarnar til að tryggja áframhaldandi starfsemi í húsinu.

Meðfylgjandi er félagatal Þingborgar svf.

Við óskum eftir að fá að senda fulltrúa á sveitastjórnarfund þar sem erindi þetta verður tekið fyrir. Bæði til að fylgja bréfinu eftir og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Með von um jákvæða afgreiðslu.

Virðingarfyllst.

F.h. Þingborgar svf:

Þórey Axelsdóttir formaður

Þórey Axelsdóttir

Margrét Jónsdóttir ritari

Margrét Jónsdóttir

Elín Guðmundsdóttir meðstjórnandi

Elín Guðmundsdóttir

Halldóra Óskarsdóttir

Halldóra Óskarsdóttir

Katrín Andressdóttir meðstjórnandi

Katrín Andressdóttir

Helga Thoroddsen verkefnastjóri

Helga Thoroddsen

## Félagatal þingborgar svf 2024

Nafn og heimilisfang:		Kennitala:
1	Aðalheiður Alfonsdóttir, Ferjunesi 803 Selfoss	270344-3219
2	Anna Dóra Jónsdóttir, Grenigrund 10 800 Selfossi	180462-5549
3	Anna María Flygenring, Hlíð 804 Selfoss	060856-3389
4	Arnþrúður Sæmundsdóttir, Árvegi 6 800 Selfossi	170144-4659
5	Auður Harpa Ólafsdóttir, Engjavegi 67 800 Selfossi	180562-7969
6	Auður Hildur Hákonardóttir, Bakkastöðum 115 112 Reykjavík	280438-3409
7	Bergljót Þorsteinsdóttir, Reykhól 804 Selfoss	060649-3329
8	Elín Guðmundsdóttir, Árvegi 4 800 Selfossi	090284-2829
9	Erna Gunnarsdóttir, Skálmholti 803 Selfoss	120564-3239
10	Guðbjörg Kolbeinsdóttir, Austurhólum 10 Selfossi	250846-4959
11	Guðrún Hálfánardóttir, Saurbæ 851 Hella	260459-5549
12	Guðný Söring Sigurðardóttir, Grenigrund 800 Selfossi	190764-3629
13	Halldóra Óskarsdóttir, Álfhólum 11 800 Selfossi	100962-2849
14	Helga Baldursdóttir, Víðivöllum 4 800 Selfossi	310162-7799
15	Helga Thoroddsen, Straumum Öflusi	300559-5069
16	Hjörðís Þorfinnsdóttir, Grenigrund 24a 800 Selfossi	160653-3379
17	Hulda Brynjólfssdóttir, Lækjartúni 851 Hella	030867-5999
18	Katrín Andrésdóttir, Reykjahlíð 804 Selfoss	110356-3749
19	Lena Erikson, Orustudal 803 Selfoss	020467-5179
20	Lene Drejer Klith, Birkigrund 38 800 Selfossi	290558-7559
21	Lilja Guðbjartsdóttir, Álfhólum 10 800 Selfossi	030361-5129
22	Maja Siska, Skinnhúfu 851 Hella	250169-2729
23	Margrét Jónsdóttir, Syðra-Velli 803 Selfoss	110764-2009
24	Sigríður Jónsdóttir, Arnarholti 806 Selfoss	250164-4599
25	Vilborg Ástráðsdóttir, Skarði 804 Selfoss	040875-4769
26	Þórey Axelsdóttir, Laugardælum 803 Selfoss	170549-3929
27	Ása Dalkarls, Kjóastöðum 806 Selfoss	131268-2039